

Spurningar, svör, erindi – samantekt fyrir fjárlaganefnd. 4.12.23

Sent: fimmtudagur, 14. september 2023 14:57

Til: Fjármála- og efnahagsráðuneytis

Efni: 6. gr. fjárlagafrumvarps

Óskað eftir hefðbundnu yfirliti fyrir fjárlaganefnd Alþingis yfir þær breytingar sem lagðar eru til á 6. gr. með skýringum?

Svar barst frá FJR þ. 19. september

Viðhengi

[Kynning fyrir fjárlaganefnd - heimildaákvæði 2024.pptx](#)

[Heimildir í 6. gr. 2024 - mb. fyrir fjárlaganefnd.pdf](#)

Beiðni um upplýsingar frá fjárlaganefnd Alþingis.

Vísað er til fundar fjárlaganefndar Alþingis og fulltrúa fjármála- og efnahagsráðuneytisins 20. september sl.

1. Óskað er eftir yfirliti sem sýni þróun gjalda og tekna ríkisins sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.
 - a. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir frá hvaða atvinnugeirum tekjur ríkisins koma, um hvaða tekjur er að ræða og hvernig þær hafa þróast sl. 5 ár.
 - b. Hvernig skilgreinir ráðuneytið sjálfbærni ríkissjóðs, hvort sem er út frá fyrrgreindum yfirlitum eða með öðrum hætti?
 - c. Óskað er eftir upplýsingum sem skýra með hvaða hætti ríkissjóður er að „vaxa út úr vandanum“ miðað við fyrrgreindar upplýsingar eða með hvaða hætti ætlunin er að það gerist miðað við þær vísbendingar sem birtast í tölunum og hlutföllunum.
 - d. Hvaða áhrif hefur verkefnaflutningur til sveitarfélaga haft á hlutfallslegar tekjur og gjöld ríkissjóðs í þessu sambandi?
 - e. Hvaða áhrif hafa aðrar breytingar í rekstrarumhverfi ríkisins haft sem skýra þróun í tekjum og gjöldum ríkisins?
2. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir þróun í innheimtu erfðafjárskatts sl. 10 ár.
 - a. Hver hefur árlegur stofn til erfðafjárskatts verið sl. 10 ár?
 - b. Hvernig skýrir ráðuneytið hækkun í innheimtu skattsins út frá upplýsingum úr skattframtölum eða öðrum upplýsingum sem ráðuneytið telur að skýri hærri tekjur af erfðafjárskatti.
 - i. Arflátar eru efnameiri?
 1. Eru til greiningar á stöðu þeirra?
 - ii. Arflátar aðstoða niðja sína fjárhagslega
 - iii. Kynslóðabreyting?
 - iv. Breyting á hegðun á markaði?
 - v. Aðrar skýringar eða mat ráðuneytisins
 - c. Hvaða áhrif hafa lagabreytingar og eftir atvikum aðrar breytingar haft á skattstofninn og innheimtu skattsins?
 - d. Hver hefur þróunin í fyrirfram innheimtu erfðafjárskatts verið á tímabilinu,
 - i. Í fjárhæðum
 - ii. Sem hlutfall af innheimtum erfðafjárskatti
 - iii. Er hægt að greina heildarfjárhæð annars vegar fyrirfram innheimts erfðafjárskatts og hins vegar erfðafjárskatts eftir tíundum eignarskattsstofns arfláta eða með öðrum upplýsandi hætti?
3. Óskað er eftir minnisblaði sem útskýrir mismunandi aðhaldskröfur sem fram koma í frumvarpinu, hvernig þær verða útfærðar og hvernig þær skiptast eftir málaflokkum.
 - a. Hver er áætlaður sparnaður í hverjum málaflokki eða málefnasviði?
 - b. Hverju skilar flata aðhaldskrafan eftir málefnasviðum?

4. Í kynningu ráðuneytisins kom fram að framlög til samgönguframkvæmda hækka að raungildi milli ára.
 - a. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir raunhækkunina.
 - b. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir framlög til samgönguframkvæmda eftir helstu framkvæmdaflokkum sl. 10 ár og stöðu þeirra gagnvart fjárheimildum.
 - c. Óskað er eftir að í yfirlitinu komi fram fjárhæð yfirfærðra fjárheimilda milli ára.
 - d. Hvaða framkvæmdir hafa fallið niður sl. 10 ár þannig að hætt hafi verið við þær?
 - e. Hvaða framkvæmdir mynda flutta fjárheimild í árslok 2021 og 2022, hvort sem um er að ræða halla eða afgang?
 5. Verkefni sem felld hafa verið niður eða frestað hafa verið ábatagreind í samræmi við LOF. a. Hver er samanlagður árlegur ábati frestaðra verka sl. ár?
 6. Í ljósi þess að hafist verður handa við aðrar byggingar á lóð Landspítalans á árinu, hversu líklegt er að það takist að fjárfesta í spítalanum fyrir 30 ma.kr. á þessu ári?
 7. Eru fyrirætlanir um húsnæðisstuðning við allt að 1.000 íbúðir tryggðar í frumvarpinu?
 - a. Ef svo er ekki, hvers vegna ekki þar sem fjármálaáætlun liggur fyrir og í henni birtist stefnumörkun ríkisstjórnarinnar?
 - b. Er ætlunin að fjármagna þær með lántöku ríkissjóðs? Hvaða áhrif má gera ráð fyrir að slík lántaka hafi á
 - i. Vexti í landinu, sjá m.a. leitnilínu eftirspurn í útboðum ríkisverðbréfa. ii. Afkomu skuldsettra?
 8. Hvað skýrir neikvæða raunávöxtum B-deildar LSR?
 9. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir heildaráhættu ríkissjóðs og hvernig einstakir liðir mynda hana.
 10. Óskað er eftir að ráðuneytið undirbúi kynningu á verðlagsútreikningum fjárlaga eins og ákveðið var á fundinum og kynni fyrir nefndinni þegar hún er tilbúin.
-

Sent: 13. október 2023

Til: Fjármála- og efnahagsráðuneytis

Efni: Þróun útvarpsgjaldsins og innheimta þess

Fjárlaganefnd óskar eftir upplýsingum um forsendur og útreikninga fyrir útvarpsgjaldinu.

Vinsamlegast sendið okkur þessar upplýsingar sem allra fyrst.

Svör fjárm.ráðuneytis við fyrirspurnum fjárl nefndar v frv til fjárl. 2024

16.10.2023

Viðhengi

[Svar við fsp. fjárlaganefndar-sp. 8 og 9.pdf](#)

Meðfylgjandi eru fyrstu tvö svör ráðuneytisins við fyrirspurninni þ.e. svör við spurningum 8 og 9. Við erum að vinna að svörum við því sem útaf stendur og stefnum við á að senda fleiri svör til ykkar fyrir lok dags á morgun.

Stofnupplýsingar

Varðar þróun útvarpsgjaldsins og forsendur fyrir framlagi til RÚV.

23.10.2023

Viðhengi

[RÚV-framlög-02-uppfært.pdf](#)

Vegna fyrirspurna nefndarmanna - uppfært skjal um áætlað framlag til RÚV á næsta ári. Eins og nefndarmönnum er kunnugt þá fylgir framlagið áætlaði innheimtu útvarpsgjalds og tekur öðrum breytingum á milli ára heldur en gengur og gerist almennt um stofnanir ríkisins.

1. Fjármálaráðuneytið áætlar fjölda einstaklinga (þá sem eru gjaldskyldir) og fjölda lögaðila.
2. Gjaldið sjálf tengist bandorminum og er ákveðið þar.
3. Ráðuneytið áætlar hve hátt hlutfall innheimtist og er þar byggt á reynslu undanfarinna ára.

Miðað við ofangreindar forsendur er fundið út framlagið og síðan bætt við 175 m.kr. sem er skv. þjónustusamningi. Uppfærð tafla frá fjármálaráðuneytinu:

Forsendur	2023	2024	Breyting	Hlutfall
Fjöldi einstaklinga	242.036	249.781	7.745	3,2%
Fjöldi lögaðila	48.909	50.865	1.956	4,0%
Fjöldi alls	290.945	300.646	9.701	3,3%
Útvarpsgjald á mann	20.200	20.900	700	3,5%
Útvarpsgjald alls, m.kr.	5.810	6.210	400	6,9%
Útvarpsgjald, greiðslugrunnur	5.580	5.950	370	6,6%
Innheimtufhlutfall	96,0%	95,8%		

Framlag til RÚV er þá 5.950 +175 (þjónustusamningur) = 6.125 m.kr. Hækkun gjaldsins nemur 370 m.kr. eða 6,6% á milli ára. Ekki kemur til hagræðingarkröfu en á móti vegur að innan þessa ramma þarf RÚV að fjármagna væntanlegar hækkanir skv. kjarasamningum á næsta ári.

Í [fylgiskjali](#) er örkyning fjármálaráðuneytisins frá því í fyrra, þegar að nefndin var að ræða hugsanlegar breytingar á útvarpsgjaldinu.

Fyrirspurn send til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis

2. október 2023

Frá fjárlaganefnd Alþingis.

1. Tekjur af sölu upprunavottorða.
 - a. Hverjar hafa þessar tekjur verið árlega sl. 3 ár?
 - b. Hvaða kerfi er til staðar til að tryggja að þeim sé varið til framleiðslu á grænni orku?
2. Hver er staðan á vinnu við uppfærslu aðgerðaráætlunar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda?
 - a. Hvenær er áætlað að uppfærslu verði lokið?
 - b. Hvenær verða betri mælikvarðar á árangurinn skilgreindir?
3. Óskað er eftir minnisblaði um kerfi fyrir veðursjár, eins og fram kom á fundinum.

Til menningar- og
viðskiptaráðherra
Frá fjárlaganefnd Alþingis

Fjárlaganefnd Alþingis samþykkti með vísan til 51. gr. þingskapa á fundi sínum 12. október sl. að óska eftir minnisblaði frá ráðuneytinu um tiltekin atriði sem fylgja hjálagt sem viðhengi.

Vakin er athygli á að um birtingu og aðgang að erindum sem nefndum berast gildir [VI. kafla starfsreglna fastanefnda](#). Meginreglan er sú að aðgangur að erindum er öllum heimilaður nema um ef um upplýsingarnar fer eftir [VII. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga](#). Þá er nefndinni heimilt að ákveða að birta erindi, sem berst í tengslum við mál sem hún tekur upp að eigin frumkvæði, á vef.

Ferðapjónustan

1. Ráðherra mun taka saman minnisblað um ferðapjónustuna, a. Verðmætasköpun hennar
 - i. Heildarstærðir
 - ii. Hver verðmætasköpunin er á hvern ferðamann
 - iii. Aðrar mælikvarða sem ráðherra telur veita góðar upplýsingar um verðmætasköpunina
 - b. Tölur um umfang hennar frá árinu 2016
 - c. Umskipti í hagkerfinu með styrkingu ferðapjónustunnar
 - i. M.a. um gjaldeyrissköpun, fjárfestingu, þörf fyrir vinnuafli o.fl. sem máli skiptir.
 - ii. Þróun virðisaukaskattsgreiðslna greinarinnar
 - d. Þróun annarra hagvísna sem taldir eru skipta máli
2. Ráðherra mun skila nefndinni minnisblaði um endurgreiðslur í kvikmyndagerð og raunbreytingar í kostnaði vegna þeirra.
-

Til
heilbrigðisráðherra

Frá fjárlaganefnd
Alþingis

Fjárlaganefnd Alþingis samþykkti með vísan til 51. gr. þingskapa á fundi sínum 12. október sl. að óska eftir minnisblaði frá ráðuneytinu um tiltekin atriði sem fylgja hjálagt sem viðhengi.

Vakin er athygli á að um birtingu og aðgang að erindum sem nefndum berast gildir [VI. kafla starfsreglna fastanefnda](#). Meginreglan er sú að aðgangur að erindum er öllum heimilaður nema um ef um upplýsingarnar fer eftir [VII. kafla um meðferð trúnaðarupplýsinga](#). Þá er nefndinni heimilt að ákveða að birta erindi, sem berst í tengslum við mál sem hún tekur upp að eigin frumkvæði, á vef.

Skemmtiferðaskip og heilbrigðisþjónusta í landi

1. Eru til upplýsingar um álag á heilbrigðisþjónustu, þ.e. heilbrigðisstofnanir, sjúkrahús og sjálfstætt starfandi lækna vegna ferðamanna sem koma til landsins með skemmtiferðaskipum og leita sér lækniþjónustu á meðan þeir eru í landi?
2. Óskað er eftir upplýsingum um þessi mál eftir því sem unnt er í minnisblaði?
 - a. Hvert er umfangið?
 - b. Notkun sjúkrabifreiða
 - c. Hver er kostnaðurinn sem íslenskt heilbrigðiskerfi verður fyrir?
 - d. Hve háar fjárhæðir hafa fengist endurgreiddar frá sjúklingum, sjúkratryggingum heimalands og tryggingafélögum sjúklinga?
 - e. Hvað má ætla að mörg ársverk lækna og starfsfólks í heilbrigðiskerfinu séu unnin vegna þessa?
 - f. Hver er eftirspurnin eftir innlögn á sjúkrahús mæld sem fjöldi legudaga eða með öðrum hætti sem ráðuneytið telur meira upplýsandi.

Svar frá umhverfisráðuneyti, samantekt verkefnisáætlunar um uppfærslu aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum 2023 og minnisblað um veðursjár.
29.10.2023

Viðhengi

[Minnisblað framtíð veðursjáa.Final.pdf](#)
[20230913 Minnisblað AÁL verkefnislýsing drög \(002\).docx](#)

Meðfylgjandi eru gögn er varða lið 2 og 3 í gagnabeiðni fjárlaganefndar. Við erum að bíða eftir upplýsingum er varða lið 1 og verða þau gögn send eins fljótt og mögulegt er.

From: Fjárlaganefnd
Sent: mánudagur, 30. október 2023 10:38
To: Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Subject: RE: Beiðni um upplýsingar frá fjárlaganefnd Alþingis.

Í kaflanum um stöðuna í minnisblaðinu um framtíðaruppbyggingu veðursjárkerfis á Íslandi ? staðan og næstu skref kemur fram að heildarfjárfestingin verði "um 850 m.kr, þar af eru 418 m.kr. fjármagnaðar af alþjóðfluginu sem greiðist til baka á 10 árum í formi afskrifta."

- Óskað er eftir ítarlegri upplýsingum um með hvaða hætti afskriftir fjármagna 418 m.kr.
 - Er átt við að árlegar greiðslur séu jafnar afskriftum?
 - Ef svo er, hvernig er farið með fjármagnskostnað?

Kostnaður við fyrsta áfanga verkefnisins hefur farið um 300 m.kr. fram úr áætlun eða 54,8%. ICAO hefur verið upplýst um þennan kostnaðarauka sem er um 45% í USD. Helstu skýringar á auknum kostnaði er kostnaðarhækkunir við uppsetningu í kjölfar COVID og stríðs í Úkraínu sem jafnframt hefur haft áhrif á gengi íslensku krónunnar gagnvart Evru og innlenda verðbólgu.

- Áttu ítarlegri greiningar á því hvers vegna uppsetningin hækkar verð um 54,8%?

Frávikið virðist greinast með eftirfarandi hætti á einstök verkefni og mætti skýra hvert þeirra ítarlegar en gert er í minnisblaðinu:

	Áætlun	Raun- kostnaður	Frávik	%
Veðursjá í Keflavík	125,0	244,0	119,0	95,2%
Veðursjá á Norðurlandi	200,0	301,0	101,0	50,5%
Verðursjá á Fljótsdalsheiði	212,5	287,0	74,5	35,1%
Lan 38 (varaafli)	12,0	18,2	6,2	51,7%
	549,5	850,2	300,7	54,7%

Stofnupplýsingar

Til: Fjárlaganefndar

Ítarupplýsingar um veðursjá frá Veðurstofu Íslands 

Frá: umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti

Meðfylgjandi er svar Veðurstofu Íslands við spurningum vegna minnisblaðs um veðursjár.

--

Hérna eru svörin okkar. Ef það vantar nánari útskýringa/útreikninga eða annað þá endilega láttu okkur vita.

Er átt við að árlegar greiðslur séu jafnar afskriftum?

ICAO afskrifar umrædda fjárfestingu á 10 árum með vöxtum sem eru 6,982% (fyrir árið 2022). Afskriftir munu hefjast á árinu 2024.

Ef svo er, hvernig er farið með fjármagnskostnað?

Raunvaxtastig ársins er reiknað á hverju ári samkvæmt Joint Finance samningnum, og fyrir árið 2022 var það 6,982%.

Fjármunatekjur er færðar hjá Veðurstofu Íslands sem síðan eru færðar á verkefnið sem fjármagnskostnaður. Þannig mun fjármagnskostnaður skila sér með afskriftum.

Kostnaðarhækkunarir

Breyting á gengi EUR í uppfærðri áætlun (sem var gerð í október 2019) var gengið 137 ISK/EUR en var í 155 ISK/EUR við fyrstu greiðslu til Leonardo í febrúar 2021. Gengið er síðan 141 ISK/EUR í annarri greiðslu og 144 ISK/EUR í lokagreiðslu.

- Greiðslur til Leonardo dreifðust jafnt á alla þrjár veðursjárnar þannig að áhrif vegna gengis er um 7,5% til hækkunar

Tölvubúnaður og annar búnaður sem ekki var hluti af útboði og VÍ þurfti að kaupa hækkaði verulega á árunum 2021 og 2022. Í sumum tilvikum tvöfaldaðist verðið miðað við það sem áætlað hafði verið. Ekki stórar tölur en áhrifin eru 6-7 mkr.

Tilboðsverð frá Leonardo hafa ekkert breyst, en sá búnaður sem kaupa þurfti erlendis frá og var ekki hluti af útboðinu en var nauðsynlegur fyrir uppsetningu á hverjum stað fyrir sig hækkaði umtalsvert í verði vegna erlendra kostnaðarhækkana og síðan hafði gengið áhrif á kostnaði því til viðbótar.

Veðursjá í Keflavík ? haustið 2021

- Kostnaður við veðursjá í Keflavík var verulega vanmetinn. Í upphaflegri áætlun var reiknað með að unnt væri að nota ýmsan eldri búnað þar með talið kúpulinn yfir loftnetið en það reyndist ekki unnt þegar endanlegt val á birgja (Leonardo) var ákveðinn. Þá hefði auðvitað átt að uppfæra áætlun en það var ekki gert. Þannig að það þurfti að leggja í kostnað við að fjarlægja kúpul og bæta þeim hluta við í tilboð frá Leonardo.
- Keflavík var fyrst í röðinni varðandi uppsetningu og það kallaði á mun meiri vinnu frá starfsfólki VÍ en við aðrar uppsetningar. Eins varð reikningur frá Leonardo vegna þessarar uppsetningar hærri vegna COVID áhrifa sem VÍ þurfti að taka á sig.

Veðursjá á Norðurlandi ? haustið 2022

- Stærsti óvænti kostnaðarliðurinn var vegagerð sem þurfti að fara í vegna uppsetningar á Selfjalli. Eins var lengra í tengingar vegna rafmagns og nets en upphaflega var gert ráð fyrir. Uppsetningin gekk vel fyrir sig og gott samstarfs við bændur á svæðinu. Kostnaður við innviðina var hár en nauðsynlegur fyrir veðursjá á þessum stað.

Veðursjá á Fljótsdalsheiði ? haustið 2023

- Ákvörðun um að flytja veðursjá af Fljótsdalsheiði uppá Bjólf varð til þess að hækka kostnaðinn nokkuð. En hún var síðustu í röðinni og í samanburði við kostnaðinn í Keflavík kemur hún vel út. Ákvörðun um flutning var kynnt fyrir ICAO vorið 2022 og þá var kynnt að kostnaðaráætlun uppá 290 mkr. Kostnaðarauka frá upphaflegri áætlun um 15% í USD. Sú áætlun gekk nokkuð vel eftir.

Til: Fjárlaganefndar

3.11.2023 15:25:27

Frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu

Svar frá fjármála- og efnahagsráðuneyti um framlög af safnliðum

Undir fjármálaráðuneytið fellur er einn liður sem flokkast gæti sem safnliður, þ.e.a.s. 09-190 *Ýmis verkefni*. Um er að ræða fyrirkomulag sem er til staðar hjá flestum ráðuneytum. Undir liðinn fellur viðfangið 09-190-190 *ýmis verkefni* og er viðfangið ætlað fyrir ýmis konar verkefni, sem flest falla undir kaup á sérfræðiþjónustu, sem kostnaðarferast ekki beint á aðalskrifstofu þar sem þau falla ekki undir reglubundna starfsemi ráðuneytisins.

1. Hve margir samningar við félagasamtök, sjálfseignarstofnanir eða einstaklinga eru til staðar hjá ráðuneytinu?

Undir viðfangið 09-190-190 *Ýmis verkefni* eru í gildi þrír samningar við félagasamtök eða sjálfseignarstofnanir. Í fyrsta lagi er um að ræða samning við Fjölís vegna höfundaréttar, í öðru lagi er til staðar samningur við Rannís vegna eftirlits með umsóknum um frádrátt frá álöggðum tekjuskatti vegna rannsóknar- og þróunarverkefna fyrirtækja. Að lokum er um að ræða samning (KOS) við Hagstofu Íslands og Kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna um sérvinnslur við gerð kjarasamninga.

Auk þess eru til staðar greiðslur til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana sem ekki falla undir s.k. safnliði og byggja á ákvörðunum í fjárlögum og greiðast af sér fjárlagaviðfangi (09-999-128 *Efnahagsrannsóknir*). Um er að ræða greiðslur til BHM, BSRB og KÍ vegna hagrannsóknarstofnunar samtaka launafólks í almannaðjónustu (Hasla) og framlag til hagdeildar ASÍ vegna efnahagsrannsókna og verðlagseftirlits.

2. Hverjar eru árlegar greiðslur fyrir árin 2022 og 2023 í hverju tilfelli fyrir sig?

Í eftirfarandi töflu má sjá greiðslur til félagasamtaka og sjálfseignarstofnana:

	2022	2023
Rannís	18	50
Fjölís	11	11,5
KOS, samningur við Hagstofu Íslands og kjararannsóknarnefnd opinberra starfsmanna	13,9	13,9
Hasla: BHM, BSRB og KÍ	10	10
ASÍ	30	30

Upphæðir í m.kr.

3. eru tímabundnar greiðslur til staðar þessi tvö ár sem ekki byggja á samningi -eða koma til viðbótar við samning?

Ekki er um að ræða greiðslur umfram þær sem tiltekna er í 2. tölulið.

4. Hver er afgangur / umframgjöld safnliða í árslok 2021 og 2022?

35 m.kr. afgangur var á viðfangi 09-190-190 *ýmis verkefni* í árslok 2021.

Afgangur af safnlið 09-190-190 í árslok 2022 var til kominn vegna sérstakrar fjárveitingar í endurnýjun stærri upplýsingatæknikerfa sem gert er ráð fyrir að muni dreifast á önnur málefnasvið/málaflokka. Ekki náðist að ráðstafa öllum fjármunum á árinu 2022. Fjárveitingin var tímabundið veitt á framangreindan fjárlagalið en með tilkomu nýs fjárlagaliðar fyrir miðlægan upplýsingatæknikostnað er fjárveitingin færð yfir á hann.

5. Eru önnur gjöld eða notkun safnliða sem ráðherra vill vekja athygli nefndarinnar á?

Sjá svar við tölulið 4.

Til: Fjárlaganefndar

7.11.2023

Frá Seðlabanka Íslands

Svar frá Seðlabankanum: Varðandi beiðni um upplýsingar

Seðlabanki Íslands safnar ekki upplýsingum um vaxtagreiðslur af yfirdráttarlánnum eftir tekjutíundum. Seðlabankinn safnar einungis upplýsingum um stöðu [yfirdráttarlána hjá innlánsstofnunum](#), og birtir mánaðarlega í hagtölum, innihalda samtölu fyrir öll yfirdráttarlán heimila hjá innlánsstofnunum. Frekara niðurbroti er ekki safnað þ.e. vaxtagreiðslum af yfirdrætti er ekki safnað sérstaklega. Má nefnda að í tölum bankans um yfirdrátt er ekki gerður greinarmunur á yfirdrætti á debítkortareikningi og kreditkortareikningi. Kreditkortaskuldir eru ekki endilega vaxtaberandi nema í þeim tilvikum sem veittur hefur verið greiðslufrestur.

[Svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins við fyrirspurn fjárlaganefndar – spurning 1 \(þróun tekna og gjalda, sjálfbærni ofl.\) Minnisblað 10.11.23](#)

10.11.23

[Minnisblað um erfðafjárskatt frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu 10. nóvember](#)

10.11.23

Til: Fjárlaganefnd

Frá: Fjármála- og efnahagsráðuneyti

Heiti: Hjúkrunarheimili og endurhæfing, Varanlegt framlag veitt af varasjóði árið 2023 

10.11.2023

Hjálagt fylgir fjárlagasundurliðunin fyrir fjárlagalið öldrunarstofnana, daggjöld.

Fjárlagafrumvarp 2024	Laun	Önnur gjöld	Eignakaup	Tilfærslur	Gjöld	Tekjur	Alls
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta							
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými							
Almennur rekstur							
1.01 Hjúkrunarrými		45.430,4			45.430,4	-895,0	44.535,4
1.11 Dvalarrými		1.282,0			1.282,0		1.282,0
1.15 Dagdvöl		3.256,0			3.256,0		3.256,0
1.83 Greiðslur frá vistmönnum						-2.271,4	-2.271,4
08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld samtals		49.968,4			49.968,4	-3.166,4	46.802,0
Fjárlög 2023							
25 Hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta							
25.10 Hjúkrunar- og dvalarrými							
Almennur rekstur							
1.01 Hjúkrunarrými		40.327,0			40.327,0	-895,0	39.432,0
1.11 Dvalarrými		1.214,4			1.214,4		1.214,4
1.15 Dagdvöl		3.046,9			3.046,9		3.046,9
1.83 Greiðslur frá vistmönnum						-2.226,9	-2.226,9
08-403 Öldrunarstofnanir, daggjöld samtals		44.588,3			44.588,3	-3.121,9	41.466,4

Við fjárlagavinnuna 2023 voru við þriðju umræðu fluttar varanlega 1.200 m.kr. á málaflokk 25.10, sem eru hjúkrunar og dvalarrými, af almennum varasjóði. Þessi fjárhæð féll því ekki niður í frumvarpi 2024.

[Fjármála- og efnahagsráðuneytið - sýnir sundurliðun á áætlun um innheimtu gistináttaskatts \(10.11.23\)](#)

[Fjármála- og efnahagsráðuneytið – svör við fyrirspurn um fasteignafélög, hugbúnaðarlausnir og vithús í Dyrhólaey \(minnisblað\)](#)

[Svar utanríkisráðuneytisins vegna Urvi Tours 16.11.23](#)

[Svar umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytisins vegna safnliða 16.11.23](#)

[Svar menningar- og viðskiptaráðuneytisins vegna safnliða 16.11.23](#)

Til: FL

Frá: FJR

Skráð dags 13.11.2023 17:51:14

Heiti: FW: Frá fjárlaganefnd Alþingis, beiðni um upplýsingar

Leigugjald fasteigna í miðlægri umsýslu hjá ríkinu er ætlað að standa undir kostnaði umsýslueiningarinnar við fasteignina en sá kostnaður felst í:

- umsjónarkostnaði við umsýslu
- föstum kostnaði við fasteignagjöld og lögboðnar tryggingar
- viðhaldi og endurbótum
- afskriftum af stofnkostnaði
- fjármagnskostnaði, sem er vaxtagjöld til ríkissjóðs þar sem ríkissjóður lánar umsýslueiningunum fyrir stofnverði/kaupverði fasteigna.

Framsetning leigukostnaðar var útskýrður fyrir fjárlaganefnd við innleiðingu markaðsleigu á fasteignum í eignasafni Ríkiseigna sem kom til framkvæmda árið 2019. Ég læt því hér fylgja kynningu og minnisblað til fjárlaganefndar síðan í nóvember 2018 og sendi hér [tengil](#) af vef Alþingis á álit sem fjárlaganefnd gaf út í kjölfarið vegna þessa. Í kynningunni er tafla á glæru 8 sem tíundar það sem ég taldi upp að ofan og innbyrðis skiptingu.

Frá: FL

Sent: mánudagur, 13. nóvember 2023 15:25

Til: FJR

Efni: RE: Frá fjárlaganefnd Alþingis, beiðni um upplýsingar.

Í svarinu segir m.a:

Almennt er miðað við að leigugjaldið þurfi að endurspeгла heildarkostnað fasteigna, þ.e. stofnkostnað, kostnað við umsýslu, opinber gjöld, kostnað vegna viðhalds og endurbóta, afskriftir og fjármagnskostnað.

Getur þú nokkuð aflað nánari útskýringa á aðferðafræðinni og hvernig henni er beitt, jafnvel með dæmum?

Markaðsleiga – [minnisblað](#) og [kynning](#) frá 11.2018

Til : Framkvæmdasýsla ríkisins

Frá: FL

Heiti: Beiðni um upplýsingar frá Framkvæmdasýslunni um frávikagreiningu á byggingarkostnaði Eddunnar,

Skráð dags :15.11.2023

Í frumvarpi til fjárukalaga fyrir árið 2023 er lagt til að veita 678,2 m.kr. viðbótarfjármagni vegna byggingar Eddu, húss íslenskunnar.

- Hversu langt er skilamatið komið?
 - Um er að ræða lokauppgjör vegna byggingarinnar en framkvæmdin reyndist kostnaðarsamari en áætlanir gerðu ráð fyrir. Getur þú útvegað fjárlaganefnd frávikagreiningu með helstu skýringum á þeim umframkostnaði sem fallið hefur til frá því framkvæmdin var samþykkt?
 - Væri unnt að fá þessar upplýsingar í dag eða á morgun?
-

[Menningar- og viðskiptaráðuneytið: Svar um safnliði – 15.11.23](#)

[Samkeppniseftirlitið 15.11.23 \(umsögn\)](#)

[Dómsmálaráðuneytið – Svör við spurningum \(fangar í fangelsum\) 17.11.23](#)

[Dómsmálaráðuneytið – Svör við spurningum \(hraðasektir\) 17.11.23](#)

[Dómsmálaráðuneytið – Svör við spurningum \(Þyrlur, flugvélar, skip\) 17.11.23](#)

[SÁÁ – Minnisblað 17.11.23](#)

[mbl.aðferðafræði OECD DAC fjárlaganefnd 20.11.23 \(utanríkismálaráðuneytið\)](#)

[Fjármála- og efnahagsráðuneytið: Ölfursárbrú – hugsanlegar skuldbindingar ríkissjóðs \(minnisblað\)](#)
20.11.23

[Útanríkisráðuneytið – minnisblað – Framboð Íslands til mannréttindaráðs 20.11.23](#)

[Útanríkisráðuneytið – minnisblað – Landgrunnsnefnd \(20.11.23\)](#)

Til: Heilbrigðisráðuneytið

Frá: FL

Heiti : Fsp frá fjárlaganefnd Alþingis til heilbr.rn. um hvort viðbótar fjárveiting Alþingis hafi verið greidd til SÁÁ. 📧

21.11.2023

Vísað er til 2. umræðu fjárlaga yfirstandandi árs og óskað upplýsinga um hvort viðbótar framlag sem samþykkt var af fjárlaganefnd Alþingis til SÁÁ hafi verið greitt samtökunum. Sé svo ekki, er óskað upplýsinga um hvað sé í veginum fyrir því.

Til: FL

Frá: Heilbrigðisráðuneytið

RE: Frá fjárlaganefnd Alþingis. Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar 📧

21.11.2023

Höfundur

Það fengust 1.200 m.kr. á þessu ári (2023) inn í ramma hjúkrunarheimila úr varasjóði FJR vegna betri vinnutíma í vaktavinnu (BVV). Þetta var varanleg heimild þ.a. hún er áfram inni í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

Frá: FL

Sent: þriðjudagur, 21. nóvember 2023 15:45

Til: Heilbrigðisráðuneytið

Efni: Frá fjárlaganefnd Alþingis. Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar

Á bls. 2 í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er spurt um 1.200 m.kr. framlög til hjúkrunarheimila til að mæta hækkun daggjalda á yfirstandandi ári. Framlagið tengist verkefni um betri vinnutíma í vaktavinnu og er framhald á sambærilegri heimild sem veitt árið áður. Óskað er upplýsinga sem skýra þann mun á framlögum sem samtökin telja að séu í frumvarpinu og vanti í það.

Til: FL

Frá: Heilbrigðisráðuneyti

Svar heilbrigðisráðuneytis við fsp nefndaritara um hvort ábending í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu eigi við rök að styðjast. 📝

Innkomið skjal 📝

Skráð dags 21.11.2023

Ég verð að viðurkenna að ég átta mig ekki á þessum tölum þeirra, en varðandi hjúkrunarrýmin þá er það rétt að aukin hjúkrunarþyngd, sem áætlað er að nemi um 150 m.kr., er utan ramma og því ekki inni.

Frá: FL

Sent: þriðjudagur, 21. nóvember 2023 16:57

Til: Heilbrigðisráðuneyti

Efni: RE: Frá fjárlaganefnd Alþingis. Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar

En getur þú nokkuð skýrt þennan mun á framlögum sem fram kemur í umsögninni. Er hann kannski byggður á misskilningi umsagnaraðila?

<https://www.althingi.is/alttext/erindi/154/154-89.pdf>

From: Heilbrigðisráðuneytið

Sent: þriðjudagur, 21. nóvember 2023 16:11

To: FL

Subject: RE: Frá fjárlaganefnd Alþingis. Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar

Það fengust 1.200 m.kr. á þessu ári (2023) inn í ramma hjúkrunarheimila úr varasjóði FJR vegna betri vinnutíma í vaktavinnu (BVV). Þetta var varanleg heimild þ.a. hún er áfram inni í frumvarpi til fjárlaga næsta árs.

Frá: FL

Sent: þriðjudagur, 21. nóvember 2023 15:45

Til: Heilbrigðisráðuneyti

Efni: Frá fjárlaganefnd Alþingis. Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar

Á bls. 2 í umsögn Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu er spurt um 1.200 m.kr. framlög til hjúkrunarheimila til að mæta hækkun daggjalda á yfirstandandi ári. Framlagið tengist verkefni um betri vinnutíma í vaktavinnu og er framhald á sambærilegri heimild sem veitt árið áður. Óskað er upplýsinga sem skýra þann mun á framlögum sem samtökin telja að séu í frumvarpinu og vanti í það.

Til: FL

Frá: Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Svar við fyrirspurn til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna ábendingar um framlag úr varasjóði sem fram kom í umsögn samtakanna.

Sælir

Heyrðu virkilega gott að heyra að þetta fjármagn sé inni og við fögnum því.

- Okkar punktur tengt þessum 1,2 milljarði var reyndar víðari og snýst í raun um heildarfjárförfina. Við vorum í raun ekki að segja að þetta vantaði, heldur að þessi fjárhæð væri hluti af því sem bæta þyrfti við rekstrargrunn ársins 2023 til að rekstrargrunnur ársins 2024 væri réttur. Okkar útreikningar um það:
- Rekstrargrunnurinn fyrir árið 2023 var 42,7 milljarðar. Við það ætti að bætast:
 - 1,2 milljarðurinn sem um ræðir (því hann var ekki hluti af þessum 42,7 milljörðum heldur bættist við í meðförum nefndarinnar)
 - 3,1 milljarður vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2023 (þessar fjárhæðir er þegar farið að greiða til hjúkrunarheimilanna fyrir árið 2023)
 - 0,7 milljarðar sem ættu að koma til viðbótar vegna verðlagshækkana
 - 2,2 milljarðar sem eru boðaðir í frumvarpinu "til reksturs nýrra hjúkrunarrýma"
 - Samanlagt eru þetta **49,9 milljarðar** - en í fjárlagalið 25.1 ? Samningar Sí við hjúkrunarheimilin eru **46,7 milljarðar**.
 - Við treystum á það að þennan 3,2 milljarða mismun sé að finna annar staðar en undir þessum lið. Nema að þið segið að við séum að misskilja e-ð?
 - Og eins og við segjum við í umsögninni þá höfum átt í virkilega góðu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og stjórnvöld almennt og fundið fyrir miklum velvilja frá þeim í garð hjúkrunarheimilanna - og treystum þannig auðvitað á og búumst við að ríkið standi við gerða samninga við okkur.
 - Okkar útreikningar (og þá tókum við með allar forsendur frumvarpsins, t.d. þessa 2,2 milljarða í rekstur nýrra rýma) segja að það þurfi 49,9 milljarða til þess.
 - En nb. ef við erum e-ð að misskilja þá væri frábært að heyra það og þá lærum við af því:).

Til viðbótar við þetta þá óskum við virðingarfyllst eftir því að fjárlaganefndin skoði sérstaklega fjárveitingar vegna **smæðarálags** og **hjúkrunarþyngdar**. Í umsögninni (og viðbótarumsögninni sem við sendum til að svara fyrirspurnum nefndarmanna) óskuðum við virðingarfyllst eftir að þessar fjárveitingar væri auknar. Í tilfelli smæðarálagsins var það okkar mat að **bæta þyrfti 150 m.kr. við þær 480 m.kr** sem greiddar voru í smæðarálag í fyrra.

- Mættum við forvitnast um fjárveitingar í smæðarálag í frumvarpinu ? hversu mikið er til staðar?
- Við leggjum áherslu á þetta því það eru mörg lítil hjúkrunarheimili sem myndu þola illa niðurskurð í smæðarálaginu. Og þurfa aukið fjármagn til að geta rekið sig á núllinu.
- Fjárveitingar v. hjúkrunarþyngdar koma til vegna umönnunar við allra veikustu einstaklinga á hjúkrunarheimilunum og því höfum við líka áhyggjur af þeim.
 - Því spyrjum við hversu mikið af fjármagni er að finna vegna hjúkrunarþyngdar? Og er það í samræmi við tölur frá Sí um það sem þurfi til að koma í veg fyrir niðurskurð á þjónustu?

From: FL

Sent: Tuesday, November 21, 2023 5:20 PM

To: Samtök fyrirtækja í velferðarþjónustu

Subject: Beiðni um upplýsingar frá fjárlaganefnd Alþingis

Á bls. 2 í umsögn samtakanna segir m.a: "Framlag til hjúkrunarheimila v. BVV ? Samþykkt breytingartillaga meirihluta fjárlaganefndar í nefndarálit meirihluta fjárlaganefndar (814 nefndarálit) um breytingar gerðar á fjárlagafrumvarpi ársins 2023 kom eftirfarandi fram: "Af þessum gjaldatillögum vega þyngst 1.200 m.kr. framlög til hjúkrunarheimila til að mæta hækkun daggjalda á næsta ári. Framlagið tengist verkefni um betri vinnutíma í vaktavinnu og er framhald á sambærilegri heimild sem veitt var á þessu ári. Nú þegar er gert ráð fyrir fjárhæðinni í daggjöldum stofnana og er gjaldaheimild fjármögnuð af almennum varasjóði." Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2023 voru í fjárlagalið 25.1 hjúkrunar- og endurhæfingarþjónusta ? 08.403 Öldrunarþjónusta daggjöld ? 101 hjúkrunarrými: 41.536,4. m.kr. Í fjárlagafrumvarpinu fyrir 2024 kemur fram að í fjárlögum 2023 hafi upphæðin verið nákvæmlega þessi og eru þessar fjárhæðir því ekki undir þessum fjárlagalið. Því spyrja samtökin á hvaða fjárlagalið framlag þetta er? Samtökin telja það sérlega mikilvægt mál að framlag þetta sé tryggt til framtíðar, þar sem í nýjustu þjónustusamningum hjúkrunarheimila var samið um greiðslur til hjúkrunarheimilanna sem innifela þetta fjármagn, þ.e. ríkið hefur þegar samningsbundið sig til að greiða það áfram til hjúkrunarheimilanna."

Í frumvarpinu er búið að færa framlagið inn sem varanlegt þ.a. óskað er ítarlegri upplýsinga um það sem þið teljið að betur megi fara í þessum þætti framlaganna. Svar óskast á morgun ef mögulegt er.

Til FL

Frá nefndarritara

23.11.2023 13:30:00

Hjálagt fylgir svarið frá samtökunum. Heilbrigðisráðuneytið hefur staðfest að 1,2 ma.kr. framlagið sé varanlegt. En varðandi hjúkrunarrýmin þá er aukin hjúkrunarþyngd, sem áætlað er að nemi um 150 m.kr. utan ramma og því ekki inni.

Til: FL

Frá: Samtökum fyrirtækja í velferðarþjónustu

Svar við fyrirspurn til Samtaka fyrirtækja í velferðarþjónustu vegna ábendingar um framlag úr varasjóði sem fram kom í umsögn samtakanna.

Sælir

Heyrðu virkilega gott að heyra að þetta fjármagn sé inni og við fögnum því.

- Okkar punktur tengt þessum 1,2 milljarði var reyndar víðari og snýst í raun um heildarfjárþörfina. Við vorum í raun ekki að segja að þetta vantaði, heldur að þessi fjárhæð væri hluti af því sem bæta þyrfti við rekstrargrunn ársins 2023 til að rekstrargrunnur ársins 2024 væri réttur. Okkar útreikningar um það:
- Rekstrargrunnurinn fyrir árið 2023 var 42,7 milljarðar. Við það ætti að bætast:
 - 1,2 milljarðurinn sem um ræðir (því hann var ekki hluti af þessum 42,7 milljörðum heldur bættist við í meðförum nefndarinnar)

- 3,1 milljarður vegna kjarasamninga sem gerðir voru á árinu 2023 (þessar fjárhæðir er þegar farið að greiða til hjúkrunarheimilanna fyrir árið 2023)
- 0,7 milljarðar sem ættu að koma til viðbótar vegna verðlagshækkana
- 2,2 milljarðar sem eru boðaðir í frumvarpinu "til reksturs nýrra hjúkrunarrýma"
- Samanlagt eru þetta **49,9 milljarðar** - en í fjárlagalið 25.1 ? Samningar Sí við hjúkrunarheimilin eru **46,7 milljarðar**.
- Við treystum á það að þennan 3,2 milljarða mismun sé að finna annar staðar en undir þessum lið. Nema að þið segið að við séum að misskilja e-ð?
 - Og eins og við segjum við í umsögninni þá höfum átt í virkilega góðu samstarfi við heilbrigðisráðuneytið og stjórnvöld almennt og fundið fyrir miklum velvilja frá þeim í garð hjúkrunarheimilanna - og treystum þannig auðvitað á og búumst við að ríkið standi við gerða samninga við okkur.
 - Okkar útreikningar (og þá tókum við með allar forsendur frumvarpsins, t.d. þessa 2,2 milljarða í rekstur nýrra rýma) segja að það þurfi 49,9 milljarða til þess.
 - En nb. ef við erum e-ð að misskilja þá væri frábært að heyra það og þá lærum við af því:).

Til viðbótar við þetta þá óskum við virðingarfyllst eftir því að fjárlaganefndin skoði sérstaklega fjárveitingar vegna **smæðarálags** og **hjúkrunarþyngdar**. Í umsögninni (og viðbótarumsögninni sem við sendum til að svara fyrirspurnum nefndarmanna) óskuðum við virðingarfyllst eftir að þessar fjárveitingar væri auknar. Í tilfelli smæðarálagsins var það okkar mat að **bæta þyrfti 150 m.kr. við þær 480 m.kr** sem greiddar voru í smæðarálag í fyrra.

- Mættum við forvitnast um fjárveitingar í smæðarálag í frumvarpinu ? hversu mikið er til staðar?
- Við leggjum áherslu á þetta því það eru mörg lítil hjúkrunarheimili sem myndu þola illa niðurskurð í smæðarálaginu. Og þurfa aukið fjármagn til að geta rekið sig á núllinu.
- Fjárveitingar v. hjúkrunarþyngdar koma til vegna umönnunar við allra veikustu einstaklinga á hjúkrunarheimilunum og því höfum við líka áhyggjur af þeim.
 - Því spyrjum við hversu mikið af fjármagni er að finna vegna hjúkrunarþyngdar? Og er það í samræmi við tölur frá Sí um það sem þurfi til að koma í veg fyrir niðurskurð á þjónustu?

Til: FL

Frá: félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

23.11.2023 13:26:55

Fjöldi umsækjanda um alþjóðlega vernd 2024, kostnaður - sviðsmyndir

Sendi til ykkar neðangreindar upplýsingar að beiðni félags- og vinnumarkaðsráðherra.

Vegna fyrirspurnar varðandi sviðsmyndir um fækkun nýrra umsækjanda um alþjóðlega vernd frá því sem nú er um; 500, 1.000, 1.500, sjá hér að neðan.

Skv. Vinnumálastofnun þá stefnir fjöldi nýrra umsækjanda um vernd í ár í um 4.100 einstaklinga í lok árs 2023. Áætluð útgjöld 2023 vegna þjónustu við umsækjendur stefna í 9,74 m.kr.

M.v. þessa grunnstöðu og sömu forsendur og hafa verið á þessu ári þá má gera ráð fyrir lækkun útgjalda skv. sviðsmyndum í töflunni hér að neðan sem barst frá VMST.

Fjöldi nýrra umsækjanda segir þó ekki alla söguna um hugsanleg útgjöld. Málsmeðferðartími umsókna hjá Útlendingastofnun og kærunefnd útlendingamála, og þar með dvalartími/framfærsla umsækjenda í úrræðum VMST á meðan umsóknarferli stendur, vegur þar þungt. Ef til kemur hraðari úrvinnsla umsókna hjá Útlendingastofnun og kærunefndinni þá mun það hafa jákvæð áhrif á þennan fráflæðisvanda umsækjenda úr úrræðum VMST sem verið hefur og tilheyrandi kostnað.

Það eru því ýmsir þættir sem hafa áhrif á útgjaldaþróun þessa fjárlagaliðar. Þar sem mikil óvissa er um þessa hluti er því erfitt að áætla útgjöld með mikilli nákvæmni.

Fjárheimild fjárlagaliðar 07-325 skv. fjárlagafrumvarpi 2024 er 8.249 m.kr. (þar af eru 550 m.kr. eyrnamerkar í færanlegar íbúðaeiningar).

07-325 Umsækjendur um alþjóðlega vernd		
Sviðsmynd - fækkun á nýjum umsækjendum		
Fjöldi nýrra umsækjenda	Útgjöld m.kr.	Lækkun útgjalda frá núverandi stöðu m.kr.
Núverandi - 4.100	9.740	
Sviðsmynd 1 - 3.600	8.552	-1.188
Sviðsmynd 2 - 3.100	7.364	-2.376
Sviðsmynd 3 - 2.600	6.177	-3.563

Til: FL

Frá: Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti

RE: Fjöldi umsækjanda um alþjóðlega vernd 2024 - kostnaður - sviðsmyndir

23.11.23

Sælir aftur

Á fundi FRN með fjárlaganefnd í síðustu viku kom beiðni frá einum nefndarmanni um yfirlit yfir kostnað vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd frá árinu 2017. Sjá neðangreinda töflu

með yfirliti fyrir árin 2017-2022. Þarna er einungis um að ræða kostnað vegna þjónustu en ekki einnig vegna málsmeðferðar.

Útgjöld vegna þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd			
Ár	Ráðuneyti	Fjárlagaliður	Fjárhæð
2017	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.316.200.943 kr
2018	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.117.362.448 kr
2019	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.234.550.551 kr
2020	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	2.240.337.043 kr
2021	Dómsmálaráðuneyti	06-399-101	1.990.615.535 kr
2022	Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti	07-325-101	4.743.735.459 kr
Samtals			15.642.801.979 kr

[Félags- og vinnumarkaðsráðuneyti – minnisblað um nýgengni örorku 27.11.23](#)

Til: dómsmálaráðuneytis

Frá: FL

Fsp fjárlaganefndar til dómsmálaráðuneytis um ástæður á afskriftum hraðasekta erlendra ferðamanna

29.11.2023

Í svörum við fyrirspurn fjárlaganefndar sendi ráðuneytið m.a. eftirfarandi töflu sem sýnir heildarfjárhæðir hraðasekta og niðurfellingu þeirra árin 2021 og 2022.

3. Yfirlit sem sýnir álagningu og innheimtuárangur sekta vegna erlendra ferðamanna undanfarin fimm ár.

Neðangreind tafla sýnir heildarupphæð hraðasekta árin 2021 og 2022. Taflan sýnir einnig þær fjárhæðir sem voru greiddar og þær fjárhæðir sekta sem voru niðurfelldar, m.a. vegna þess að ökumaður var erlendur.

2021			
	Heildarupphæð	Afsláttur	Greitt/ógreitt
Greitt	448.062.758	111.500.250	336.562.508
Niðurfellt	415.746.004	103.240.501	312.505.503
Alls	863.808.762	214.740.751	649.068.011
2022			
	Heildarupphæð	Afsláttur	Greitt/ógreitt
Greitt	514.304.000	128.416.500	385.887.500
Niðurfellt	771.037.000	192.630.250	578.406.750
Alls	1.285.341.000	321.046.750	964.294.250

Getur þú veitt eða aflað upplýsinga um eftirfarandi:

Í ljósi þess að bílaleigur gera almennt ráð fyrir sektum í leiguskilmálum sínum:

- a. Hvað er því til fyrirstöðu að innheimta sektirnar hjá viðkomandi eiganda bílsins sem síðan sér um að afla endurgreiðslu hjá viðkomandi ökumanni eða bílaleigan sitji að öðrum kosti uppi með sektina?
- b. Eru skýringar á því hvers vegna niðurfellingar eru þetta háar og eru til aðgerðir til að bæta innheimtuna?

[Heilbrigðisráðuneytið – svör við ýmsum fyrirspurn FL 1.12.23](#)

From: Ólafur Darri Andrason <darri.andrason@urn.is>

Sent: sunnudagur, 3. desember 2023 13:29

To: Ólafur Elfar Sigurðsson <olafurelfar@althingi.is>

Subject: FW: Beiðni um upplýsingar frá fjárlaganefnd Alþingis.

Svör frá umhverfisráðuneyti:

Hér koma svör við liðum eitt og tvö:

1. Tekjur af sölu upprunavottorða

- a. Hverjar hafa þessar tekjur verið árlega sl. 3 ár?

2020	2021	2022	2020-2022	Jan-sept 2023
1.147.855.000	1.214.985.000	2.243.004.000	4.605.844.000	6.573.630.000

- b. Hvaða kerfi er til staðar til að tryggja að þeim sé varið til framleiðslu á grænni orku?

Upprunaábyrgðarkerfið hefur það að leiðarljósi að ýta undir fjárfestingu í endurnýjanlegum orkugjöfum og flýta fyrir orkuskiptum. Þeim hvata er m.a. náð með því að orkuframleiðendur endurnýjanlegrar orku fái hærra verð fyrir sína orku í samanburði við framleiðendur sem notast við óendurnýjanlega orkugjafa. Orkuframleiðendur endurnýjanlegrar orku njóta þannig aukins ágóða af grænni fjárfestingu í orkuinnviðum. Þannig myndast hvati til frekari fjárfestinga í endurnýjanlegri orku. Með öðrum orðum er löggjöfinni og tilskipuninni fyrst og fremst ætlað að hvetja til nýrra fjárfestinga í endurnýjanlegri orku með því að verðlauna fyrir slíka fjárfestingu og draga þannig úr umsvifum óendurnýjanlegrar orku.

Formlegt kerfi til að tryggja rekjanleika tekna af sölu upprunaábyrgða er ekki til staðar. Þótt formlegt kerfi sé ekki til staðar til að tryggja að tekjur af upprunaábyrgðum renni til framleiðslu á nýrri grænni orku hafa orkufyrirtæki varið töluverðum fjármunum til að byggja upp og rannsaka nýja græna orkukosti.

Samkvæmt upplýsingum frá raforkuframleiðendum eru tekjur af upprunaábyrgðum í einhverjum tilfellum hluti af forsendum í viðskiptaáætlunum þegar arðsemi virkjanakosta er

metin. Þær tekjur geta haft úrslitaáhrif um hvort að virkjanakostur er arðbær eður ei. Verðhækkningar á upprunaábyrgðum gera fleiri orkukosti arðbæra en áður. Raforkuframleiðendur líta því sem svo á að upprunaábyrgðakerfið sé stuðningskerfi við græna orkuframleiðslu.

2. Hver er staðan á vinnu við uppfærslu aðgerðaráætlunar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda?

a. Hvenær er áætlað að uppfærslu verði lokið?

Áætlað er að vinnu við uppfærslu aðgerðaráætlunar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda verði lokið um áramótin 2023 / 2024.

c. Hvenær verða betri mælikvarðar á árangurinn skilgreindir?

Uppfærsla á aðgerðaáætlun Íslands í loftslagsmálum er unnin í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum. Í verkefnaáætluninni sem unnið er eftir er gert ráð fyrir mikilli aðkomu flestra ráðuneyta. Sérstök áhersla er á aðgerðir til að uppfylla skuldbindingar gagnvart ESB um samdrátt í losun sem telst á beinni ábyrgð Íslands. Áætlunin mun byggja á gildandi aðgerðaáætlun sem kom út 2020 en til viðbótar verða teknar inn áherslur og aðgerðir sem leiða af atvinnugreinasamtali ráðuneytisins við Samtök atvinnulífsins, samtök í landbúnaði, Landssamtök lífeyrissjóða og sveitarfélögin. Þá verða styrktar aðgerðir í áætluninni sem varða sérstaklega líffræðilega fjölbreytni, hringrásarhagkerfið, orkuskipti og réttlát umskipti. Í uppfærslunni verður tekið tillit til breytinga á löggjöf vegna innleiðingar regluverks ESB um *Fær* í 55%.

Liður í því að uppfæra aðgerðaáætlunina er að skilgreina og/eða uppfæra árangursmælikvarða fyrir aðgerðirnar sem settar eru fram í áætluninni.